

252. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÁNUDAGUR 4. JÚLÍ 2016 KL 18:15

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning
2. Kvörtun framkvæmdastjóra kirkjuráðs, niðurstaða vinnustaðasálfræðinga
3. Önnur mál

1. FUNDARSETNING

Fundurinn var haldinn á Biskupsstofu mánudaginn 4. júlí 2016 klukkan 18.15.

Fundinn sitja séra Solveig Lára Guðmundsdóttir, séra Elínborg Gísladóttir og Svana Helen Björnsdóttir. Í símasambandi eru séra Gísli Gunnarsson og Stefán Magnússon.

Séra Kristján Valur Ingólfsson stýrði fundinum að beiðni biskups Íslands. Viðstaddur var einnig í upphafi fundarins biskupsritari Þorvaldur Víðisson.

2. KVÖRTUN FRAMKVÆMDASTJÓRA KIRKJURÁÐS, NIÐURSTAÐA VINNUSTAÐASÁLFRÆÐINGA

Tilfni fundarins er að Solveig Lára og Elínborg gera kirkjuráði grein fyrir niðurstöðu vinnustaðasálfræðinga sem óskað var eftir að færu yfir samskipti biskups Íslands og framkvæmdastjóra kirkjuráðs, sbr. bókun Kirkjuráðs frá fundi 8. mars í Skálholti. (Liður 3.)

Biskupsritari Þorvaldur Víðisson, tók fram að hann væri fús til þess að rita fundargerð, ef þess væri óskað. Kirkjuráð taldi að vegna þess að þetta væri aukafundur væri ekki þörf á því að rituð væri sérstök fundargerð og biskupsritari yfirgaf fundinn. Engu að síður þarf að bóka að fundurinn hafi farið fram og var fundarstjóra falið að festa það á blað.

Fundarmenn hlýddu á niðurstöðu vinnustaðasálfræðinganna þriggja og tillögur þeirra til úrbóta. Niðurstöðunni er einungis skilað munnlega og því ekki skráð neitt um innihald hennar.

Fundarmenn tóku vel skýrslunni og niðurstöðunum og vilja bregðast jákvætt við.

3. ÖNNUR MÁL

Ekkert undir þessum lið.

Fundi lauk klukkan 19.00

Kristján Valur Ingólfsson ritaði fundargerð þessa.

Kristján Valur Ingólfsson,
Vígslubiskup Skálholtsumdæmis.

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Gunnarsson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.